



Alþingi
Erindi nr. P 143/266
komudagur 19.11.2013

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umsögn

Málsnr.: 1311068SA

Dags.: 11. nóvember
2013

Velferðarnefnd Alþingis

Málalykill: 401

Kirkjustræti

101 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um 40 stunda vinnuviku (færsla frídaga að helgum) 19. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis, dags 6. nóvember 2013, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp. Frestur var veittur til 20. nóvember n.k.

Í frumvarpinu er lagt til að frí vegna sumardagsins fyrsta og uppstigningardags verði færð af fimmtudögum á næsta föstudag í sömu viku.

Auk þessa er lagt til að aukafrídagar verði veittir vegna fimm sérstakra frídaga sem falla jafnt á alla daga vikunnar beri þá upp á helgi. Um er að ræða 1. maí, jóladag, annan í jólum, nýársdag og 17. júní.

Athugasemdir.

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir athugasemdir við þá fjölgun frídaga sem lögð er til í frumvarpinu. Frídagar eru hluti af vinnutímaákvæðum kjarasamninga og hafa breytingar á þeim áhrif á launakostnað sveitarfélaga. Sambandið telur því mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins semji um breytinga á tilhögun þeirra.

Sérstakir frídagar sem falla á virka daga eru nú sjö og frídagar sem falla jafnt á virka daga og helgar eru einnig sjö, en þar af eru aðfangadagur jóla og gamlársdagur hálfir frídagar. Í meðalári eru sérstakir frídagar 11,2107 og nema 4,32% greiddra daga. Verði sú tilhögun sem lögð er til í frumvarpinu samþykkt fjölgar frídögum um 1,5 og verða því samtals 12,71 og nema frídagar þá 4,85% greiddra daga. Þetta felur í sér a.m.k. 0,5% hækkun launakostnaðar vegna þeirrar starfsemi sem liggur niðri á þessum dögum. Í þessu kostnaðarmati er ekki



meðtalinn aukinn launakostnaður vegna hærra vaktaálags og hugsanlegrar aukinnar yfirvinnu

Lokaorð.

Sambandið telur mikilvægt að breytingar sem hafa áhrif á vinnutíma verði ekki gerðar nema í góðri sátt við aðila vinnumarkaðarins og í tengslum við kjarasamninga, enda hafa þær í för með sér breytingar á launakostnaði.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Sólveig B. Gunnarsdóttir
lögfræðingur kjarasviðs